

1861. þær meðal annars getið þess, að til tímakennslu hafi verið var-  
26. septbr. ið 1 rd. 24 sk. meiru, en ætlað hafi verið til hennar, en að  
þær hafið hlutast til um, að þetta verði lagað í reikningi yfir-  
standandi árs, á þann hátt, að þessir 1 rd. 24. sk. verði í  
honum tilfært sem tekjur.

Í þessu efni lætur stjórnarráðið ekki hjá líða að tilkynna  
yður, að slík aðferð, sem nú var getið, er óleyfleg, og að  
ekki má fremur bæta úr því, að ofmikið hefir verið borgað af  
einhverjum gjaldlið í fjárlögum undanfarandi árs, með því að  
taka það, sem á hefir vantað, af sama gjaldlið í fjárlögum næsta  
árs á eptir, heldur en verja megi því, sem sparað hefir verið  
af einum gjaldlið í fjárlögum, annaðhvort til annara gjalda  
sama árið, eður til sömu gjalda í næsta árs fjárlögum. Þegar  
fjárhagsárið er liðið, má eigi lengur verja neinu af því fè, sem  
veitt hefir verið í fjárlögum fyrir það tímabil, og það sem  
orðið hefir afgang af hinum sérstöku gjaldliðum ber að álíta  
beinlínis tekjur ríkissjóðsins, en hafi einhver gjaldliður í fjár-  
lögum eigi hrokkið til, verður eptir á að fá veitt það fè, sem  
framyfir hefir farið; en að öðru leyti er það vitaskuld, að eigi  
má þannig fara fram yfir það, sem ákveðið er í fjárlögum,  
nema svo sè ástatt, að til þess beri brýna nauðsyn.

28. septbr. **70. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfir-  
valdanna á Íslandi, um borgun embættislauna  
fyrirfram.**

Af reikning þeim, er hingað kom með síðasta póstkípi, yfir  
tekjur og gjöld prestaskólans og hins lærða skóla á Íslandi um  
næstliðið fjárhagsár, hefir dómsmálastjórnin komið að raun um,  
að þær, herra stiptamtmaður, og þær, háæruverðugi herra, hafið  
veitt leyfi til, að Gísla skólakennara Magnússyni hafa verið greidd  
fyrirfram embættislaun hans fyrir fjórðung árs eptir opnu bréfi  
31. maím. 1855, 5. gr., með því skilyrði, að fè þetta yrði  
aptur borgað á þann hátt, sem nákvæmar er ákveðið um í laga-  
boði þessu.

Út af þessu skal yður það til vitundar gefið, til þess þér 1861.  
 gætið þess framvegis, að það að eins heyrir undir úrskurð hlut- 28. septbr.  
 adeiganda stjórnarráðs, hvort leyfa megi að embættislaun seú  
 út borguð fyrirfram, og fyrir hve langan tíma; og eigið þér því,  
 þegar svo ber undir, að senda hingað bænarskrá þess embætt-  
 ismanns, er hlut á að máli, og rita á hana álit yðar um málið,  
 til þess það síðan verði lagt undir úrskurð hlutadeiganda ráðgjafa.

**71. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfir- 2. október.**  
 valdanna á Íslandi, um skilríki fyrir bókum, er  
 keyptar eru handa hinum lærða skóla m. m.

Frá hinni annari endurskoðunarskrifstofu konungsríkisins hefir  
 verið sent hingað eptirrit af 14. útásetningagrein við reikning-  
 ana yfir tekjur og gjöld hinna lærðu menntunarstofnana á Ís-  
 landi um tímabilið frá 1. aprílm. 1854 til 31. marzm. 1856,  
 ásamt svari þess, er reikninginn hafði samið, álitu þess, er hann  
 hafði endurskodað, úrskurðinum um útásetninguna, og álitu þeirra  
 um hvort úrskurðinum væri fullnægt; hefir um leið verið stungið  
 upp á, að ársreikningum skólanna skuli fylgja ekki að eins kvitt-  
 adir reikningar bókasöllumanna yfir bækur þær, er þeir hafa af  
 hendi látið, heldur og þar að auki listar yfir nýjar bækur, er  
 bætzt hafa við, og yfir bækur, er fargað hefir verið, og því  
 hafa gengið úr það ár, er reikningurinn nær yfir, ásamt skýrslu  
 um, hvað fengizt hafi fyrir hinar síðartöldu bækurnar.

Þaræð nú kirkju- og kennslustjórnin fellst á uppástungu  
 þessa, skorar hún hér með á yður, herra stiptamtmaður, og  
 yður, háæruverðugi herra, að þér bjóðið þeim, er hlut eiga að  
 máli, að hegða sér samkvæmt því, sem nú hefir sagt verið.

**72. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins 30. október.**  
 yfir Íslandi, um sveitarstyrk.

Dómsmálastjórnin hefir fengið álitsskjal yðar, herra stipt-  
 amtmaður, dagsett 25. júním. þ. á., yfir umkvörtunarbréf